

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997, austan og vestan Fjarðarár.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. júlí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997 frá 30. mars 1978.

Breytingin felst í því að svæði sem að mestu leyti er skilgreint sem óbyggt svæði og svæði fyrir þjónustustofnanir, beggja vegna Fjarðarár, við Árstíg og Vesturveg fram að Dagmálalæk, breytist í íbúðarsvæði auk þess sem svæði fyrir þjónustustofnanir austan árinna er einnig skilgreint sem íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 3. júlí 2006.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. júlí 2006